1. Umsögn - Míla

2. Umsögn - Berglind Hallgrímsdóttir

3. Umsögn - Sara Þorsteinsdóttir

4. Umsögn - Skipulagsstofnun

4.1.Skipulagslýsing, Breyting á aðalskipulagi Kópavogs[...].

5. Umsögn - Sigurbjörn Ársæll Þorbergsson

5.1.Bréf SÞ dags 7 ágúst 2025

6. Umsögn - Veðurstofa Íslands

6.1.Umsögn - Kópavogsvbær - Vatnsendahlíð, Vatnsvík og[...]

7. Umsögn - Tryggvi Felixson

7.1.Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vat[...]

8. Umsögn - Rut Gunnarsdóttir

9. Umsögn - Jón Magnússon, reiðveganefnd Spretts

9.1.Athugasemdir frá reiðveganefnd Spretts

10. Umsögn -Sigurður Sigurðsson, sjálfbærninefnd Spretts

10.1.Breytingar á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040- Ath[...]

11. Umsögn - Helena Ríkey Leifsdóttir

12. Umsögn - Halldór Helgi Halldórsson

12.1.HHH -aths. Kjóavellir, Vatnsendahlíð og Vatnsvík

13. Umsögn - Vegagerðin - Höfuðborgarsvæði

13.1.ask kóp -ums

14. Umsögn - Kristinn H Þorsteinsson, Skógræktarfélag Kópav

14.1.Umsögn vegna breytinga á Aðalskipulagi Kópavogs 20[...]

15. Umsögn - Náttúruverndarstofnun

15.1.Vatnsendahlíð

16. Umsögn - Arnhildur Halldórsdóttir

17. Umsögn - Birgitta Dröfn Kristinsdóttir

18. Umsögn - Davíð Áskelsson

18.1.Kjóavellir_Athugasemdir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

18.2.SamningurKopGardabHestam

19. Umsögn - Ella Kristín Geirsdóttir

20. Umsögn - Elfar Davíðsson

21. Umsögn - Guðlaug Jóna Matthíasdóttir

22. Umsögn - Matthías Davíðsson

23. Umsögn - Sigurður Jóhann Tyrfingsson

24. Umsögn - Sigurður Jóhann Tyrfingsson

25. Umsögn - Hlíf Sturludóttir

25.1.2025-08-28 Breyting á aðalskipulagi Kjóavellir - V[...]

26. Umsögn - Snorri Traustason

27. Umsögn - Minjastofnun Íslands

27.1.Umsögn MÍ 29 ágúst 2025 Aðalskipulag breyting - Va[...]

28. Umsögn - Jónína Björk Vilhjálmsdóttir

28.1.Andmæli Hestamannafélagsins Spretts við skipulag

28.2.Samningar Spretts, athugasemdir við skipulag Kjóav[...]

29. Umsögn - Birna Sif Sigurðardóttir

30. Umsögn - Sara Brekkan

31. Umsögn - Selma Rut Gestsdóttir

31.1.Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 Punkta[...].

32. Umsögn - Linda Björk Gunnlaugsdóttir

33. Umsögn - Sigríður Eiríksdóttir

34. Umsögn - Börkur Hólmgeirsson

34.1.Gras mynd

34.2.Gras mynd

35. Umsögn - Haraldur Pétursson

36. Umsögn - Björgvin Þórisson

37. Umsögn - Sigurður Halldórsson

38. Umsögn - Elka Halldórsdóttir

39. Umsögn - Sigríður Helga Sigurðardóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

40. Umsögn - Sigurbjörn Eiríksson

41. Umsögn - Halldór Svansson

42. Umsögn - Sigríður Birna Björnsdóttir

43. Umsögn - Jóhanna Elka Geirsdóttir

44. Umsögn - Lísa Margrét Sigurðardóttir

45. Umsögn - Birna Kristín Hilmarsdóttir

46. Umsögn - Helena Margrét Áskelsdóttir

46.1.Kjóavellir-Breyting á aðal-og-deiliskipulagi

47. Umsögn - Jóna Guðný Magnúsdóttir

48. Umsögn - Garðabær

48.1.Svarbréf frá skipulagsnefnd Garðabæjar

49. Umsögn - Svava Svanborg Steinarsdóttir

49.1.HER_umsögn_Vatnsendahlíð_01_09_25

50. Umsögn - Veitur

50.1.Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir - aðal og de[...]

51. Umsögn - Náttúrufræðistofnun

52. Umsögn - Land og skógur

52.1.Vatnsendahlíð m.m., ASKbr., DSK, lýsing - umsögn[...]

53. Umsögn - Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafna[...]

53.1.Vatnsendahlíð Vatnsvík Kjóavellir lýsing aðalskipu[...]

54. Umsögn - Þórdís Anna Gylfadóttir

55. Umsögn - Hafrannsóknastofnun

55.1.Umsögn_ASK-DSK_Kópavogur_umsögn Hafró_010925

56. Umsögn - Haukur Hauksson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Vegna: Máls nr. 0960/2025, Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir. (Lýsing)

Athugasemd:

Á svæðinu eru lagnir í Mílu. Við óskum þó eftir að haft verði samband við okkur tímanlega þegar kemur til framkvæmda ef ske kynni að við vildum taka þátt í þeim.

Höfundur: Bragi Már Bragason

Sent inn þann: 11.07.2025 , **Fyrir hönd:** Míla

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Vegna: Máls nr. 0960/2025, Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir. (Lýsing)

Athugasemd:

Í Kórunum og Þingunum eru engin góð græn svæði sem eru aðgengileg íbúum - þar sem þeir geta setið/legið/leikið. Oft hefur verið bent á Guðmundarlund en ekki er hægt að nálgast hann gangandi eða hjólandi. Einungis er vegur og reiðleið í það svæði, auk þess sem það er - í dag - langt úr alfaraleið. Það væri kostur fyrir hverfið að hafa grænt svæði þar sem íbúar - sérstaklega þeir sem ekki eru í séreign - geta notið útivistar án þess að vera á skólalóð eða á bílastæðinu við Kórinn. Því langar mig að koma á framfæri ósk um að við endurskoðun aðalskipulags verði hugað að því -fyrir núverandi og nýja íbúa í fjölbýli - að bæta lífsgæði þeirra með grænu svæði - sem gefur færi á að íbúar séu - sem sagt labba ekki bara í gegn. Stað (place) sem er aðgengilegur öllum. Auk þess sem gerðir verði góðir stígar að helstu áfangastöðum en til dæmis í dag er ekki búið að klára stíg meðfram Kórnum. Þá er mikilvægt fyrir hverfið að aðgengilegt verði að strætóstöðvum svo ekki verði of mikil sköpun bíla umferðar. Deiliskipulag í lýsingu er langt frá strætóstöðvum og því ólíklegra að nýjir íbúar velji strætó. Því væri æskilegt að bæta líka aðgengi núverandi íbúa að áfangastöðum og strætóstöðvum til að gæta að bílaumferðarmagni í hverfinu.

Höfundur: Berglind Hallgrímsdóttir

Sent inn þann: 16.07.2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Vegna: Máls nr. 0960/2025, Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir. (Lýsing)

Athugasemd:

Væri frábært ef nýtt skipulag myndi innihalda nýja sundlaug og bókasafn.
Finnst mikil þörf á góðu bókasafni í hverfinu þar sem langt er að fara alla leið í Hambraborgina með ung börn.

Einnig væri frábært að fá sundlaug í hverfið þar sem Salalaug er frábær, en tiltölulega langt að labba í hana.
Með auknu húsnæði og fjölgun íbúa finnst mér þörfin fyrir nýrri sundlaug orðin mikil.
Gæti þetta því verið sundlaug sem myndi þá þjónustua kórahverfið, þingin og hvörfin.
Sama með bókasafn.

Höfundur: Sara Þorsteinsdóttir

Sent inn þann: 17.07.2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Vegna: Máls nr. 0960/2025, Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir. (Lýsing)

Athugasemd:

Höfundur: Berglind Sigurðardóttir

Sent inn þann: 30.07.2025 , **Fyrir hönd:** Skipulagsstofnun

Viðhengi:

4.1.Skipulagslýsing, Breyting á aðalskipulagi Kópavogs, breyting á deiliskipulaginýtt deiliskipulag. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir.pdf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Skipulagsstofnun

Kópavogsbær
Andrea Kristinsdóttir

Reykjavík, 30. júlí 2025
Tilvísun: 202507067 / 6.1

Efni: Skipulagslýsing: Breyting á aðalskipulagi Kópavogs og breyting á deiliskipulagi/nýtt deiliskipulag. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir

Kópavogsbær hefur, með erindi dags. 11. júlí 2025 óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 13. júní 2025 vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og tillögu að deiliskipulagi sbr. 2. mgr. 40. gr. sömu laga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í bæjarstjórn 24. júní 2025.

Samkvæmt lýsingunni, dags. 13. júní 2025 er gert ráð fyrir að skoða hvort gera þurfi breytingu á aðalskipulagi vegna stefnumótunar um uppbyggingu og þéttleika byggðar innan núverandi íbúðarbyggðar, svæða fyrir samfélagsþjónustu, opinna svæða og íþróttasvæða á Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavöllum. Á svæði þar sem skipulagi er frestað í Vatnsvík verður skilgreind landnotkun íbúðarbyggðar og tengdrar starfsemi.

Samhliða á að gera breytingar á deiliskipulagi Vatnsendahlíðar – Þing (samþykkt. dags. 13.01.2009 m.s.br.), breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla (samþykkt dags. 8. júlí 2008 m.s.br.) og vinna nýtt deiliskipulag Vatnsvíkur.

Markmið vinnunnar er að skipuleggja íbúðarbyggð í Vatnsendahlíð og Vatnsvík í góðu samhengi við núverandi byggð og finna nýja staðsetningu fyrir þjónustumiðstöð Kópavogs sem uppfyllir þarfir starfseminnar.Viðfangsefni ofangreindra skipulagstillagna er m.a að skilgreina nánar uppbyggingu og þéttleika, afmarka lóðir og byggingarreiti, skilgreina fyrirkomulag gatnakerfis, bílstæða, göngu- og hjólastíga, reiðleiða, útivistar- og dvalarsvæða, ásamt öðrum þeim ákvæðum og skilmálum sem ástæða verður til að skilgreina í skipulagi.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að lýsingin geri ágætlega grein fyrir skipulagsáformum og hvernig staðið verður að gerð og umhverfismati tillögunnar.

- Í ljósi umfangs og fyrirhugaðra áforma óskar stofnunin eftir að fá tillöguna aftur til yfirferðar þegar hún verður kynnt á vinnslustigi sbr. 2. mgr. 30. greinar skipulagslaga.

Samráð

Minnt er á mikilvægi þess að hafa gott samráð í gegnum allt skipulagsferlið við íbúa og aðra hagsmunaaðila búsetta innan og utan sveitarfélags.

Berglind Sigurðardóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Borgartúni 7b
IS-105 Reykjavík
Sími 595 4100
Kennitala 590269 5149
www.skipulag.is
skipulag@skipulag.is

Rafræn skilríki

Skipulagsstofnun

Berglind Sigurðardóttir

Berglind Sigurðardóttir
Sérfræðingur, svið skipulags

Undirritað með OneSign

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Vegna: Máls nr. 0960/2025, Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir. (Lýsing)

Athugasemd:

Hjálagt er umsögn Sigurbjörns Þorbergssonar hrl. fh. Magnúsar Péturs Hjaltested.

Höfundur: Sigurbjörn Ársæll Þorbergsson

Sent inn þann: 07.08.2025

Viðhengi:

5.1.Bre´f SÞ dags 7 a´gu´st 2025.pdf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík 7. ágúst 2025

Umsögn um lýsingu á fyrirhugaðri breytingu aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 og breytingu á deiliskipulagi og eða gerð nýs deiliskipulags í Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavöllum.

Undirritaður lögmaður sendir fyrir hönd Magnúsar Péturs Hjaltested á Vatnsenda athugasemdir varðandi skipulagslýsingar og samráðsáætlunar skipulagsbreytinga í núverandi og eignarnumdu landi Vatnsenda.

1. Í lýsingu á fyrirhuguðum skipulagsbreytingum í Vatnsvík innan landamerkja Vatnsenda er ekki afdráttarlaust lýst yfir að ætlunin sé að breyta landnotum á öllum þeim 35 ha. sem vísað er til sem C og G reita í eignarnámssátt frá 30. janúar 2007.
2. Skylda Kópavogsbæjar til að breyta landnotum á öllu svæðinu er afdráttarlaus eftir að óvissu um eignarhald jarðarinnar var eytt. Í dómi Landsréttar frá 6. febrúar 2025 nr. 549/2023 kemur fram í dómsforsendum að Kópavogsbær hafi þegar eftir að framangreindri óvissu var eytt lýst því yfir að bærinn vildi efna skyldur sínar samkvæmt eignarnámsáttinni að fullu.
3. Í kafla 2.3 er að finna ráðagerðir um að „skoða tengsl uppbyggingar og vatnsverndar“ en þær virðast einungis beinast að öryggissvæði grannsvæða vatnsverndar en ekki grannsvæðinu sem eftir er í landi Vatnsenda. Í kafla 2.4.3 segir að ætlunin sé að skipuleggja byggð þar sem skipulagi var frestað sem tekur þá til allra 35 ha. í Vatnsvík.
4. Þegar vaxtarmörk í landi Vatnsenda voru ákveðin fyrir um 10 árum setti Kópavogsbær fyrirvara um frekari færslu vaxtarmarka í landi Vatnsenda að sveitarfélagmörkum við Heiðmörk. Um þetta er bókað í fundargerð svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins 10. apríl 2015 þar sem segir: „Svæðisskipulag samþykkir að víkka lítillega út vaxtarmörk í landi Vatnsenda í samræmi við fyrirliggjandi minnisblað 10. apríl 2015. Ef mæta á frekari ósk um frekari útfærslu á vaxtarmörkum leiðir það til skipulagsbreytingar, í samræmi við málsmeðferð 22-25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ef og þegar fyrir liggur tillaga að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs.“

ÞORBERGSSON & LOFTSDÓTTIR SF.
SUÐURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
SÍMI: +354 552 7500
FAX: +354 552 7501
KT. 540297 2239
info@lawfirm.is
www.lawfirm.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

5. Til upplýsinga fylgir með umsögn þessari samantekt svæðisskipulagsstjóra frá 14. júlí 2015 um hvernig lega vaxtarmarka í landi Vatnsenda var ákveðin á sínum tíma. Einnig bréf SÞ hrl. til skipulagsstjóra þar sem vísað er til nokkurra skjala sem svæðisskipulagsstjórinn tiltekur í bréfi sínu.
6. Kópavogsbær hefur undir höndum rannsóknargögn sem sýna að vatnsbólum í Heiðmörk stafar ekki hætta af íbúabyggð í Vatnsvík sem liggur að sveitarfélagamörkum. Þrátt fyrir það var lega grannsvæðis vatnsverndar ákveðin eins og gert var með vísan til ákveðinnar óvissu. Tekið var fram að bora þyrfti viðbótar rannsóknarholur til að eyða henni. Fyrir liggur hvar bora skuli og er ekki eftir neinu að bíða í þeim efnum af hálfu Kópavogsbæjar.
7. Í skipulagslýsingunni er því velt upp hvort skipulagið skuli taka til svæðisins í heild eða skiptast í áfanga og hluta. Vel má vera að skipta þurfi svæðinu í Vatnsvík í tvo áfanga en komast má hjá því hefji Kópavogsbær tafarlaust þær viðbótar rannsóknir sem óskað var eftir á sínum tíma.
8. Í grein 2.2 í eignarnámssátt er mælt fyrir um beina aðkomu eiganda Vatnsenda að gerð skipulagsins í Vatnsvík.
9. Loks rétt að benda á að núgildandi deiliskipulag fyrir Vatnsendahlíð skarast lítillega inn á land Vatnsenda. Á þetta var bent á sínum tíma og sjálfsagt að huga að þessu atriði við skipulagsvinnuna í dag.

Virðingarfyllst
f.h. Magnúsar Péturs Hjaltested
Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

Hjálagt bréf Hrafnkels Proppe dags. 14.07.2015 til lögmannstofunnar.
Bréf lögmannsstofunnar til skipulagsstjóra d. 5. júní 2025.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

Þorbergsson & Loftsdóttir sf

Suðurlandsbraut 4A
108 Reykjavík

Kópavogur, 14.07.2015
1502044 HÁP

Efni: Gögn sem skýra ákvörðun um vaxtarmörk í landi Vatnsenda

Í bréfi dags. 5. febrúar s.l. óskaði Sigurbjörn Þorbergsson hrl. eftir gögnum sem lúta af því hvernig lína um byggðarmörk í landi Vatnsenda var ákveðin í tengslum við gerð svæðisskipulags.

Svæðisskipulagstillagan var enn í vinnslu þegar fyrirspurnin barst og verið var að fara yfir athugasemdir sem m.a. snéru að vaxtarmörkum. Af þeim sökum hefur dregist að taka saman öll gögn sem varpa ljósi á hvernig vaxtarmörk voru ákvörðuð.

Í nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins hafa vaxtamörkin það hlutverk að marka skil milli þéttbýlis og dreifbýlis. Til einföldunar má segja að þau leysi af hólmi byggðasvæði sem dregin voru nokkuð nákvæmlega upp í eldra svæðisskipulagi. Vaxtamörkum er því ætlað að gegna veigamiklu hlutverki í dreifingu byggðar á skipulagstímabilinu. Rétt er að benda á að heimilað er að byggja utan vaxtarmarka. Slík uppbygging yrði þó ekki þéttbýlisuppbygging.

Mótun tillagna um vaxtamörk hefur ekki verið sérstakt verkefni og því verður að horfa til ýmissa gagna sem orðið hafa til við mótun heildartillögu um nýtt svæðisskipulag. Sú vinna hefur grundvallast á samkomulagi sveitarfélaganna um gerð svæðisskipulags frá 24. ágúst 2012 og fylgiskjölum (gagn X). Þar má sjá að áhersla er lögð á hagkvæma og sjálfbæra borgarþróun.

Að ofansögðu er hér farið örstutt yfir hvert og eitt gagn og samhengi þess við mótun vaxtarmarka dregin fram. Farið er yfir gögnin í þeirri röð sem þau fylgja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

A. **Verkefnislýsing vegna gerð svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015-2040**
Verkefnislýsingin var samþykkt í svæðisskiplagsnefnd og auglýst og kynnt opinberlega. Í verkefnislýsingunni eru dregnar fram helstu áherslur og nálgun við verkefnið. Í inngangskaflanum er greint frá því að: „Megin áherslan verður lögð á að gera skýr mörk um vaxtarsvæði borgarinnar og samþætta stefnu uppbyggingar byggðar og samgangna".

Verkefnislýsingin inniheldur einnig matslýsingu í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 106/2005. Í þeim kafla er kemur fram að umhverfismatið er tvískipt og að í fyrri áfanga verði lagt mat á sviðmyndir um þéttbýlismörk.

B. **Fylgirit IB (með auglýstri tillögu)**
Hér er greint frá niðurstöðum fyrri áfanga umhverfismats. Metnar voru þrjár sviðsmyndir með ólíkri dreifingu byggðar og samgöngumáta. Sú sviðsmynd sem byggði á óbreyttri stefnu þ.e. að viðhalda dreifingu byggðar kom verst út. Einnig er greint frá niðurstöðu svæðisskipulagsnefndar (sjá gagn C).

C. **Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 22. nóvember 2013**
Á fundinum voru niðurstöður umhverfismats sviðmynda kynntar. Í bókun nefndarinnar kemur fram að kynna þurfi niðurstöðu matsins fyrir sveitarstjórnum og skipulagsnefndum áður en ákvörðun verði tekin um hvaða sviðmynd verði útfærð frekar.

D. **Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 17. janúar 2014**
Á fundinum tók svæðisskipulagsnefndin ákvörðun um hvaða sviðsmynd skyldi útfærð frekar. Í bókun nefndarinnar segir m.a.: „Niðurstaða umhverfismats, kostnaðar- og ábatagreiningar og íbúafundar hvetja sveitarfélögin til að beina vexti í auknum mæli inná við. Svæðisskipulagsnefnd telur þó að víkja geti þurft frá viðmiðum sviðsmyndar B um vöxt út fyrir núverandi byggðarmörk þannig að tekið sé tillit til fyrirliggjandi áætlana sveitarfélaga. Við mótun nýrrar svæðisskipulagstillögu verða dregin skýr ytri vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins. Í þeirri vinnu er mikilvægt að styrkja sveitarfélögin til að fóstra sín sérkenni á sama tíma og unnið er að heildstæðri tengingu þeirra með samgöngu- og þróunarás."

E. **Tillaga sem kynnt var á vinnslustigi (Kort af vaxtarmörkum)**
Svæðisskipulagsnefnd samþykkti á fundi þann 21. mars 2014 að kynna tillögu á vinnslustigi skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga. Vaxtamörkin eru kynnt þar m.a. undir markmiði 1.1. Þau eru einnig sýnd á nokkrum þemakortum.

F. **Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 22. ágúst 2014**
Svæðisskipulagsnefnd samþykkti á fundi þann 22. ágúst 2014 að auglýsa tillögu að svæðisskipulagi. Í framhaldinu var erindi sent út á allar sveitarstjórnir þar sem óskað var eftir staðfestingu aðildarsveitarfélaganna á ákvörðun nefndarinnar.

G. **Fylgirit VII (með auglýstri tillögu)**
Fylgiritið er afrakstur faghóps um byggðaþróun. Faghópurinn var skipaður lykilstarfsmönnum allra sveitarfélaga. Greint er frá starfi faghópsins í 3. kafla. Mynd 4 sýnir vinnukort með fyrstu tillögu að vaxtarmörkum. Í umfjöllun með myndinni er dregið sérstaklega fram að: „Ekki hafi verið unnt að ganga frá afmörkun við Vatnsendahlíð þar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

sem niðurstöður úr endurskoðun vatnsverndar lá ekki fyrir."

Í kafla 3.1. er greint frá vaxtamörkun byggðar eins og þau eru í auglýstri tillögu og greint frá þróun þeirra m.a. í Vatnsendahlíð sbr. gögn H og I.

H. **Ákall Kópavogs um breytt vaxtarmörk**
Gögnin innihalda tölvupóstssamskipti og fylgigögn. Svæðisskipulagsnefnd samþykkti á fundi þann 22. ágúst 2014 að óska eftir samþykki sveitarfélaga til að auglýsa tillögu að svæðisskipulagi. Í tölvupóstinum kallar Kópavogsbær eftir að breyta þurfi vaxtamörkum til að hægt sé að afgreiða tillöguna til auglýsingar.

I. **Kort sem sýnir vaxtarmörkin eftir rýni allra sveitarfélaga**
Í kjölfar ábendinga frá skipulagsstjóra Kópavogs voru vaxtarmörkin rýnd sérstaklega á fundum með hverju og einu sveitarfélaga. Kortið sýnir þá breytingu sem varð á vaxtarmörkunum eftir þessa fundi.

J. **Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 3. október 2014**
Á fundinum var farið yfir niðurstöðu rýnifunda með sveitarfélögunum, liður 1. Í framhaldi var vaxtamörkum breytt í þeirri tillögu sem var auglýst.

K. **Bréf til Skipulagsstofnunar með ósk um athugun fyrir auglýsingu**
Skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ber Skipulagsstofnun að yfirfara tillögu að svæðisskipulagi áður en hún er auglýst. Bréfið er sent Skipulagsstofnun eftir að öll sveitarfélög höfðu staðfest ákvörðun svæðisskipulagsnefndar að auglýsa tillöguna.

L. **Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 5. desember 2014**
Svæðisskipulagsnefnd fjallaði á fundi sínum um minnisblað sem greindi frá fundum með Skipulagsstofnun. Svæðisskipulagsnefnd samþykkti að setja tillöguna í auglýsingu skv. 24. gr. skipulagslaga að því gefnu að Skipulagsstofnun legðist ekki gegn auglýsingu. Umsögn Skipulagsstofnunar barst þann 12. desember og var tillagan auglýst samdægurs.

M. **Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 6. febrúar 2015**
Á fundinum er farið yfir innkomnar athugasemdir og fagráði falið að móta tillögur að viðbrögðum. Í fagráði sitja skipulagsfulltrúar allra aðildarsveitarfélaga.

N. **Fundargerð stjórnar SSH frá 6. mars 2015**
Á fundinum er fjallað um innkomnar athugsemdir við auglýsta tillögu. Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri upplýsti að Kópavogsbær muni taka undir framkomna athugasemd ábúanda við legu línunnar í landi Vatnsenda.

O. **Umfjöllun fagráðs um vaxtarmörk í landi Vatnsenda**
Fagráð fjallaði sérstaklega um athugasemd ábúenda Vatnsenda um að vaxtarmörk yrðu færð út. Í tilefni þeirrar umfjöllunar tók ráðgjafafyrirtækið Alta saman minnisblað (gagn P). Fagráð lagði fram þrjár leiðir fyrir svæðisskipulagsnefnd en mælti gegn einni þeirra, að fallist yrði á kröfu ábúenda og Kópavogsbæjar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

P. **Minnisblað Alta. Breyting á vaxtarmörkum við Vatnsendahlíð – mat á áhrifum á umhverfið**
Í minnisblaðinu er sett fram mat á umhverfisáhrifum ef orðið verður við þeirri kröfu að færa út vaxtarmörk við Vatnsenda sem nemur ca. 120 ha að öryggissvæði eins og það er afmarkað í tillögu að vatnsvernd og sveitarfélagamörkum Kópavogs við Reykjavík í austur og sveitarfélagamörkum Kópavogs við Garðabæ í vestur.

Q. **Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 27. apríl 2015**
Á fundi svæðisskipulagsnefndar var rætt sérstaklega um útfærslu vaxtarmarka í landi Vatnsenda. Fyrir fundinum lá umfjöllun fagráðs (gagn O) og einnig tillaga framkvæmdanefndar (gagn R) um orðalagsbreytingar. Málinu var frestað.

R. **Fundarpunktar frá fundi framkvæmdanefndar og fagráðs frá 23. apríl 2015**
Framkvæmdanefnd svæðisskipulagsnefndar og fagráð ræddu tillögur fagráðs um meðhöndlun athugasemdar um vaxtarmörk í landi Vatnsenda. Fulltrúar Kópavogs lögðu fram sérstaka bókun. Gerð var tilraun til málamiðlunar með orðalagsbreytingu á c. lið í tillögum fagráðs.

S. **Minnisblað Alta: Breyting á vaxtarmörkum við Vatnsendahlíð**
Haldinn var sérstakur fundur með forsvarsmönnum Kópavogs og Garðabæjar. Minnisblaðið sýnir þá tillögu sem sátt varð um á þeim fundi.

T. **Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 10. apríl 2015**
Á fundi svæðisskipulagsnefndar var fjallað um tillögu að vaxtarmörkum í landi Vatnsenda sem lýst er í minnisblaði Alta (gagn S). Í kjölfarið er samþykkt að leggja það til við öll sveitarfélögin að tillaga að nýju svæðisskipulagi með áorðnum breytingum verði staðfest.

U. **Fundargerð stjórnar SSH frá 13. apríl**
Á fundi stjórnar SSH var niðurstaða svæðisskipulagsnefndar kynnt. Stjórn SSH fagnaði þeirri niðurstöðu.

V. **Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 1. júní 2015**
Á fundi svæðisskipulagsnefndar var samþykkt að kalla eftir staðfestingu Skipulagsstofnunar á svæðisskipulaginu skv. 25. gr. skipulagslaga.

W. **Bréf til Skipulagsstofnunar um staðfestingu**
Í bréfinu kemur m.a. fram hvenær aðildarsveitarfélögin samþykktu tillögu til staðfestingar. Skipulagsstofnun staðfesti svo svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins þann 29. júní 2015.

X. **Samkomulag um gerð nýs svæðisskipulags**
Samkomulagið var undirritað 24. ágúst 2012 og er upphaf þess ferlis sem að framan er lýst.

Í bréfi Sigurbjörns er einnig óskað eftir afriti af samningum sem Kópavogsbær hefur undirritað vegna gerðar svæðisskipulags vatnsverndar og svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og eru í vörslu SSH.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Í vörslu SSH er einungis einn undirritaður samningur sem snertir ofangreint. Það er samkomulag um gerð svæðisskipulag, gagn X.

Ekki var gerður sérstakur samningur um endurskoðun vatnsverndar en ákvarðanir um verkefnið hafa engu að síður verið teknar af öllum aðildarsveitarfélögum. Á fundi stjórnar SSH þann 5. desember 2011 var eftirfarandi samþykkt: „Stjórn SSH samþykkir að leggja til við aðildarsveitarfélögin að sem fyrst verði hafist handa við heildarendurskoðun á vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæðið í samræmi við tillögur stýrihópsins frá 25. nóvember 2011, og þeirri vinnu verði hraðað svo sem kostur er. Stjórnin leggur jafnframt til að verkefnið verði vistað hjá SSH í samræmi við tillögur stýrihópsins og að stýrihópnum verði falið að starfa áfram til að halda utan um verkefnið f.h. sveitarfélaganna."

Eins og áður sagði þá var ákvörðun um vaxtarmörk ekki sérstakt verkefni heldur hluti af þeirri viðamiklu vinnu sem mótun nýs svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins var. Það er trú mín að þau gögn sem vísað er til og fylgja bréfinu varpi ljósi á hvernig vaxtarmörkin þróuðust í vinnsluferlinu og hvað lá að baki ákvörðunum um þau.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppé
svæðisskipulagsstjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Kópavogsbær
Auður D Kristinsdóttir skipulagsstjóri
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík 5. júní 2025

Breytingar á aðalskipulagi Kópavogs og deiliskipulag í Vatnsvík skv. eignarnámssátt.

Ég hef gefið mér tíma til að rifja upp skiulagsferilinn og yfirfarið gögn sem urðu til og mér bárust vegna hagsmunagæslu minnar fyrir þálifandi ábúanda (og raunverulegan eiganda) Vatnsenda Þorstein Hjaltested. Skemmst er frá því að segja að ýmislegt var gert af hálfu Kópavogsbæjar í aðdraganda gerðar svæðisskipulagsins frá 2015 sem styrkir stöðu samningsaðila sáttargerðarinnar frá 30. janúar 2007 nú þegar að raunverulegum efndum er komið.

Ég vísa til bréfs Hrafnkels Proppé svæðisskipulagsstjóra frá 14. júlí 2015 til undirritaðs þar sem hann útskýrir skref fyrir skref hvernig núverandi vaxtamörk höfuðborgarsvæðisins í landi Vatnsenda voru ákveðin. Með bréfinu komu fylgigögn A-X og var stutt efnisumfjöllun um hvert þeirra sem varðaði legu vaxtarmarka í landi Vatnsenda.

Ég hvet bæjarskipulag til að skoða sérstaklega eftirfarandi:

Skjal N fundargerð stjórnar SSH 413 fundur þar sem fram kemur í lið 1b að Kópavogsbær taki undir athugasemdir Vatnsenda um færslu vaxtarmarka að mörkum Vatnsenda og Heiðmerkur.

Skjal O umfjöllun fagráðs um athugasemd vegna vaxtamarka í landi Vatnsenda. Þrjár tillögur A B og C. Tillaga C fól í sér að málið mætti taka upp síðar í tengslum við breytingu á aðalskipulagi Kópavogs. Farið yrði með tillöguna í samræmi við málsmeðferð 22-25. gr. laga 123/2010.

Skjal P minnisblað Alta vísar til sviðsmyndar B sem höfð var til hliðsjónar við gerð svæðisskipulags og ráðgerði að byggðaþróun á höfuðborgarsvæðinu yrði að mestu inn á við. Stækkun vaxtamarka í landi Vatnsenda færi gegn því.


Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Skjal Q fundargerð 56. fundar svæðisskipulagsnefndar 27. mars 2015 þar sem bókað er í lið 1. þá afstöðu Kópavogsbæjar að taka undir framkomna athugasemd landeiganda um breytingu á legu vaxtamarka í landi Vatnsenda.

Skjal R fundargerð framkvæmdanefndar svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins 23. mars 2014(sic) liður 2 þar sem lögð var fram breytt tillaga C um að málið yrði tekið upp síðar í tengslum breytingar á aðalskipulagi Kópavogs. Í breyttum texta kom m.a. fram að svæðisskipulagsnefnd taldi mögulegt að víkka út byggðamörk á svæðinu enda yrði vatnsvernd ekki ógnað. Í raun var Kópavogsbæ stillt upp við vegg, ef haldið yrði fast við kröfu landeiganda um byggðamörk yrði svæðisskipulagi ekki breytt.

Skjal T fundargerð svæðisskipulagsnefndar 10. apríl 2015 geymir niðurstöðu svæðisskipulagsnefndar sem er alls ekki svo slæm undir núverandi kringumstæðum. Þar segir um vaxtamörk í landi Vatnsenda: „Svæðisskipulag samþykkir að víkka lítillega út vaxtamörk í landi Vatnsenda í samræmi við fyrirliggjandi minnisblað 10. apríl 2015. *Ef mæta á ósk um frekari útfærslu á vaxtamörkum leiðir það til sérstakrar svæðisskipulagsbreytingar, í samræmi við málsmeðferð 22-25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ef og þegar fyrir liggur tillaga að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs (leturbreytingar SÞ).*“

Virðingarfyllst
F.h. Magnúsar Péturs Hjaltested
Sigurbjörn Þorbergsson hrl.



Hjálagt:
Bréf SSH (Hrafnkell Proppé til SÞ) 14.07.2015
N Fundargerð 6 mars 2015
O Umfjöllun fagráðs um athugasemd vegna vaxtamarka í landi Vatnsenda
P Minnisblað Alta 17. mars 2015
Q Fundargerð 27. mars 2015
R Fundarpunktar 23 mars 2014(sic)
S Minnisblað 10 apríl 2015
T Fundargerð 10 apríl 2015 málalok breytingar á vaxtamörkum skal taka upp í tengslum við breytingu á aðalskipulagi Kópavogs.

Vegna: Máls nr. 0960/2025, Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir. (Lýsing)

Athugasemd:

Góðan dag,

Hjálögð er umsögn Veðurstofu Íslands.

Höfundur: Hlíf Sævarsdóttir

Sent inn þann: 08.08.2025

Viðhengi:

6.1.Umsögn - Kópavogsvbær - Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir - svar VÍ.pdf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Veðurstofa Íslands

Kópavogsbær
Bt. Andreu Kristinsdóttur

Dags. 8. ágúst 2025
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2025-0199

Með erindi dags. 11. júlí sl. óskaði Kópavogsbær eftir umsögn Veðurstofu Íslands um sameiginlega skipulagslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi og Deiliskipulagi Kópavogs 2019-2040 og fyrir nýtt deiliskipulag Vatnsvíkur, breytingu/nýtt deiliskipulag Vatnsendahlíðar og breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við aðal- og deiliskipulagsbreytingar þessar á þessu stigi en vill fá skipulagið til umsagnar á síðari stigum skipulagsferlisins.

Virðingarfyllst,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Vegna: Máls nr. 0960/2025, Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir. (Lýsing)

Athugasemd:

Breyting sem boðuð er í tillögu að skipulagslýsingu er umfangsmikil, svo ekki sé meira sagt, og hefur mikil áhrif á umhverfi og aðgengi Kópavogsbúa að stóru og vinsælu útivistarsvæði og skógræktarsvæði. Guðmundarlundur, sem eitt vinsælasti útvistarstaður í Kópavogi, yrði við boðaðra breytingar, innlyksa og umkringdur háum blokkum. Það mundi spilla útvistargildi svæðisins og framlag Kópavogs til græna trefilsins um höfuðborgarsvæðið rýrnar til muna. Þá virðist mér að gengið verði á skógræktarsvæði skólanna þar sem ungir Kópavogsbúar hafa gróðursett tré um langt ára bil. Áformaðar tólf (12)hæða blokkir verða seint til yndisauka á því opna svæði sem eftir yrði.

Meira um sjónarmið mín í fylgiskjali.

Höfundur: Tryggvi Felixson

Sent inn þann: 22.08.2025

Viðhengi:

7.1.Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavelli Tryggvi Felixson ágúst 2025.pdf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Kópavogi 22. ágúst 2025

Efni:
Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavelli
Athugasemdir hér að neðan snú að áformuðum breytingum á landnýtingu á Vatnsendahlíð og við Vatnsvík.

Breyting sem boðuð er í tillögu að skipulagslýsingu er umfangsmikil, svo ekki sé meira sagt, og hefur mikil áhrif á umhverfi og aðgengi Kópavogsbúa að stóru og vinsælu útivistarsvæði og skógræktarsvæði. Guðmundarlundur, sem eitt vinsælasti útvistarstaður í Kópavogi, yrði við boðaðra breytingar, innlyksa og umkringdur háum blokkum. Það mundi spilla útvistargildi svæðisins og framlag Kópavogs til græna trefilsins um höfuðborgarsvæðið rýrnar til muna. Þá virðist mér að gengið verði á skógræktarsvæði skólanna þar sem ungir Kópavogsbúar hafa gróðursett tré um langt ára bil. Áformaðar tólf (12)hæða blokkir verða seint til yndisauka á því opna svæði sem eftir yrði.

Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem öryggissvæði fyrir vatnsvernd, ef ég skil rétt. Öryggi vatnsverndar mun óhjákvæmilega rýrna verði uppbygging hafin á svæðinu með öllu því raski sem henni fylgir og vaxandi umferð vinnuvéla um langt ára bil, og síðar með ökutækjum og annarri athafnasemi íbúa innan öryggissvæðisin. Mikilvægi vatnsverndar fer vaxandi. Áformin eru því beinlínis í andstöðu við viðleitni að efla vatnsvernd.

Með boðaðri breytingu er verið að færa byggð Kópavogs nær eldvirku svæði og, eins og bent er á í gögnum, er svæðið talsvert sprungið. Í ljósi núverandi eldsumbrota á Reykjanesskaga ætti það að vera markmið sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu koma í veg fyrir að þétt íbúðabyggð færist nær eldvirku svæði en orðið er. Með varúðarsjónarmið að leiðarljósi þá ætti byggðin á höfuðborgarsvæðinu að vaxa til norðvestur, að svæðum sem eru í sem mestri fjarlægð frá eldvirkum svæðum Reykjanesskaga.

Nýlega var höggið í annað útivistarsvæði með gerð Arnarnesvegar. Þar virðist ekki áformað að standa við loforð um að byggja yfir veginn á tveimur svæðum til að tengja uppbrotið útvistarsvæði saman í eina heild. Loforð ummótvægisaðgerðir virðast því léttvæg þegar á reynir.

Þeir sem þekkja umferðina í efri byggðum Kópavogs á álagstímum vita að það munar um 11.000 íbúa til viðbótar og þann bílaflota sem þeim óhjákvæmilega fylgir. Umferðarþungi á álagstímu á aðliggjandi stofnæðum er þegar umtalsverður og mun vaxa til muna gangi þessi áform eftir. Það yrði bein skerðing á lífsgæðum núverandi íbúa.

Umfang boðaðra breytingar er slíkt að ekki má afgreiða málið án vandaðrar umræðu innan viðkomandi nefnda og ráða í bæjarfélaginu og í góðu samtali við íbúa og samtök og félög, sérstakalega Skógræktarfélag Kópavogs. Að auglýsa skipulagslýsingu til kynningar og athugasemda á sumarleyfistíma er ekki til þess fallið að efla samráð við íbúa. Þegar um er að ræða svo umfangsmikla breytingu á nærumhverfi er eðlilegt að bjóða íbúum til kynningafundar og framlengja umsagnarferlið sem til þess þarf.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Að lokum tel ég að lýðræðisleg vinnubrögð kalli á að sú mikla breyting sem boðuð er verði sett á ís þar til að afloknum sveitastjórnarkosningum vorið 2026 og að málið verði hluti af umræðu tengt þeim kosningum. Ég dreg í efa að núverandi bæjarstjórn hafi raunverulegt umboð íbúa til að gera svo umfangsmikla breytingu á skipulagi bæjarfélagsins rétt fyrir kosningar.

Með vinsemd og góðri kveðju,

Tryggvi Felixson, Reynihvammi 25

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Vegna: Máls nr. 0960/2025, Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir. (Lýsing)

Athugasemd:

Ég valdi að búa í hverfinu vegna nálægðar við hesthúsahverfið og grænna svæða.
Mér er mikilvægt að ekkert hóti iðkun hestamennsku á svæðinu og hefði heldur viljað stækka það svæði.

Höfundur: Rut Gunnarsdóttir

Sent inn þann: 22.08.2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Vegna: Máls nr. 0960/2025, Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir. (Lýsing)

Athugasemd:

Höfundur: Jón Magnússon

Sent inn þann: 26.08.2025

Viðhengi:

9.1.Athugasemdir frá reiðveganefnd Spretts.pdf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og breyting á deiliskipulagi / nýtt deiliskipulag.

Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir.

Kópavogur 28. ágúst 2025

Skipulagsgáttin; málsnr.: 963/2025 **Athugasemdir:**

Reiðveganefnd hestamannafélagsins Spretts, gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreind skipulög, skipulagsbreytingar og skipulagslýsingar:

Kjóavellir; deiliskipulagsbreyting.

Samkvæmt skipulagslýsingu er til skoðunar að koma fyrir þjónustumiðstöð Kópavogs (áhaldahúsi) innan deiliskipulagsmarka Kjóavalla. Kjóavellir eru skilgreindir samkvæmt gildandi deiliskipulagi sem íþróttasvæði og eru athafnasvæði hestamannafélagsins Spretts. Skipulag Kjóavalla er sameiginlegt skipulag Garðabæjar og Kópavogsbæjar og verður ekki breytt nema með samþykki beggja sveitarfélaganna samkvæmt samningi þeirra á milli. Samningur sveitarfélaganna var einnig forsenda þess að ákveðið var að sameina hestamannafélögin Andvara í Garðabæ og Gust í Kópavogi í eitt hestamannafélag á Kjóavöllum, hestamannafélagið Sprett.

Reiðveganefnd Spretts leggst alfarið gegn áformum um að önnur starfsemi en hestatengd verði innan skipulagsmarka Kjóavalla. Benda má á að Sprettur er fjölmennasta hestamannafélag landsins og er enn að stækka og þróast, verið er að byggja ný hesthús á svæðinu og fleiri ráðgerð á næstunni.

Það vekur athygli að Hestamannafélagið Sprettur er ekki tilgreint sem samráðs- eða umsagnaraðili máls.

Vatnsendahlíð; aðal- og deiliskipulagsbreyting.

Reiðveganefndin gerir kröfu um að fullt samráð verði haft við Reiðveganefndina um reiðvegi við aðal- og deiliskipulagsvinnu í Vatnsendahlíð, að núverandi reiðvegir á skipulagssvæðinu haldist að mestu óbreyttir þ.e. eftirfarandi reiðvegir:

- R 14.06 Frá Kjóavöllum um norðanverða Vatnsendahlíð að Vatnsendavatni.
- R 101.01 Frá Kjóavöllum um Básaskarð hjá Guðmundarlundi að Heiðmerkurhliði við Hríshól.
- R 101.03 Frá reiðvegi R 101.01 við Guðmundarlund að hliði við Arnarbæli.
- R 101.06 Frá hliði við Arnarbæli að reiðvegi R 101.01 við Stóra-Bás.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

- R 101.05 Frá reiðvegi 101.01 á Vatnsendaheiði að reiðvegi R 16.07 Tungustíg í Heiðmörk.
- R 101.29 Reiðvegur um Vatnsendaheiði (Skógræktarstígur).
- R 101.30 Framhald reiðvegar 101.29 að Hríshól vestanverðum.
- Einnig reiðvegir sem eru samkvæmt gildandi skipulagi en hafa ekki enn verið uppbyggðir verði ráðgerðir á nýju skipulagi Vatnsendahlíðar og uppbyggðir sem allra fyrst, t.d. reiðvegur R 101.07 frá Stóra-Bás um sprungusvæði að Vatnsendavatni. Gert verði alstaðar ráð fyrir undirgöngum þar sem akvegir og reiðvegir þveras.
- Helgunarsvæði meginreiðleiða verði amk. 40-50 mtr. og gætt að fjarlægð í önnur mannvirki s.s. vegi, stíga, girðingar ofl.

Vatnsvík; aðal- og deiliskipulag.

Reiðveganefndin gerir þær kröfur við skipulagsvinnuna að núverandi reiðvegir um Vatnsvíkursvæðið haldist óbreyttir að mestu:

- Reiðvegur nr. R 14.02 sunnan Vatnsendavatns að áningu við Vatnsvík. Reiðvegur nr. R 16.07 frá Vatnsvík að Hríshól við Heiðmerkurhlið.
- Reiðvegur nr. R 101.04 af Vatnsendaheiði frá vestanverðum Hríshól að Vatnsendavatni.

Bent skal á að reiðleið umhverfis Elliða- og Vatnsendavatn er ein fjölfarnasta reiðleið landsins á innistöðutíma hrossa. Þá má einnig geta þess að sl. aldarfjórðung hafa hestamenn einir unnið að uppbyggingu og viðhaldi ofangreindra reiðvega í samráði og með samþykkt Vatnsendabænda.

Við skipulagsvinnuna verði stuðst við leiðbeiningarit Vegagerðarinnar og Landssambands hestamannafélaga (LH) **„Reiðstígar gerð- og uppbygging“** uppfært og endurútgefið í apríl 2022.

Hægt er að nálgast leiðbeiningaritið **„Reiðstígar gerð- og uppbygging“** t.d. í Kortasjá LH https://www.map.is/lh/ . Í kortasjánni eru skráðar reiðleiðir sem eru samkvæmt staðfestu skipulagi sveitarfélaga þ.m.t. reiðleiðir um ofangreind svæði.

Virðingarfyllst

Jón Magnússon

f.h. Reiðveganefndar hmf. Spretts

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Vegna: Máls nr. 0960/2025, Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir. (Lýsing)

Athugasemd:

Athugasemdir Sjálfbærninefndar hestamannafélagsins Spretts

Höfundur: Sigurður Guðni Sigurðsson

Sent inn þann: 26.08.2025

Viðhengi:

10.1.Breytingar á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040- Athugasemdir Sjálfbærninefndar Spretts.pdf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Breyting á aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og breyting á deiliskipulagi/ nýtt deiliskipulag

Athugsemdir Sjálfbærninefndar Hestamannafélagsins Spretts.

Kafli 2.1 Forsendur og markmið

Staðsetning Þjónustumiðstöðvar Kópavogs.

> Staðsetning þjónustumiðstöðvar á Kjóavöllum er ekki í samræmi við samfélagslega velferð svæðisins og er því í andstöðu við framtíðarsýn um nýtingu svæðisins sem starfssvæði Hestamannafélagsins Spretts.

Kafli 2.4 Tengsl við áætlanir

> Auk þess að rýra möguleika á þjónustumannvirkjum fyrir hestatengda starfsemi sem og aðrar íþróttastarfsemi á uppbyggingu mun aukin umferð tækja, hávaði og önnur umsvif sem fólgin eru í starfsemi þjónustumiðstöðvar Kópavogs skapa hættu fyrir bæði börn og fullorðna iðkendur hestaíþrótta á svæðinu. Meginmiðstöð Hmf.Spretts þ.e.a.s. núverandi reiðhöll og félagsaðstaða er staðsett í næsta húsi við fyrirhugaða þjónustumiðstöð Kópavogbæjar.
>
> Þjónustumiðstöðin mun auka umferð um svæðið sem nú þegar er mikil. Á svæðinu er talsverð umferð gangandi fólks m.a. barna úr skóla og frístundastarfi auk hestaumferðar, Umferð bifreiða og tækja er oft talsvert hröð og er það tillaga okkar að gera allar götur á starfsvæði Hmf. Spretts að vistgötum og lækka þannig umferðarhraða.
>
> Ekki verður fallist á að ekki sé um stefnumótandi breytingu að ræða þega lagt er til að iðnaðarstarfsemi sé staðsett á skipulögðu íþróttasvæði.
>
> Vitnað er i heimsmarkmið SÞ og verður ekki fallist á að bygging þjónustumiðstöðvar Kópavogs á Kjóavöllum samræmist þeim. Teljum við það í andstöðu við heimsmarkmið nr. 3 Heilsa og vellíðan, að breyta miðju íþróttasvæðis og staðsetja þar iðnaðarstarfsemi og stórauka með því hættu á alvarlegum umferðarslysum – með tilhheyrandi umferð vörubifreiða og vinnuvéla inni í miðju íþróttafélagssvæðis.
>
> Á starfssvæði Hmf. Spretts vantar skilgreind svæði fyir geymslu á heyi (rúllustæði) og aflokað kerrusvæði þar sem öryggi er betur tryggt. Það er því ekki réttlætanlegt að minnka það svæði sem ætlað er fyrir starfsemi félagsins.

Svæði ÍÞ-7 Kjóavellir.

> Í skilgreiningu svæðisins er sagt að um sé að ræða „ Nýtt íþróttasvæði tengt hestaíþróttum á Heimsenda og Kjóavöllum. Svæðið var áður skilgreint sem verslun og þjónusta og var minna. Stærð svæðis um 3-4 ha. Afmarka þarf svæðið nánar og vinna deiliskipulag. Stærð: 6 ha.“
>
> Við teljum þetta ekki rétt með farið. Svæðið sem skilgreint er á mynd 4 sem ÍÞ-7 er skv. skipulagslýsingu svæðisins frá árinu 2008 skilgreint sem Miðsvæði Kjóavallasvæðisins þar sem gert er ráð fyrir félagsheimili og aðstöðu fyrir dýralækni, auk verslana og þjónustu fyrir hesta og hestamenn. Ekki verður séð að það falli því undir ”Nýtt íþróttasvæði”. Um svæðið gildir deiliskipulag hesthúsa og keppnisleikvangs á Kjóavöllum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

dags. 26. júní 2008.
skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?numer=9233

Á þessu svæði er jafnframt núverandi keppnishöll, útikeppnisvellir, skeiðbrautir, áhorfendasvæði og dómarasvæði.

Svæði ÍÞ-8 Kjóavellir.

Í skilgreiningu svæðisins er sagt „Hestamannafélagið Sprettur hefur aðsetur á Kjóavöllum og Heimsenda. Svæðið er í kvosinni á milli Vatnsendahlíðar, Rjúpnahæðar og Sandahlíðar. Auk hesthúsa og aðstöðu fyrir hestamenn er á svæðinu keppnishöll, útikeppnisvellir, skeiðbrautir, áhorfendapallar og dómarasvæði. Stærð: 20 ha“

Við teljum að ekki sé rétt með farið. Á svæðinu sem skilgreint er sem ÍÞ-8 á mynd 4 eru eingöngu hesthús félagsmanna. Keppnishöllin, reiðvellir og nær öll núverandi félagsaðstaða Spretts er á svæði ÍÞ-7.

Kaflar 3.1 Vatnsendahlíð og 3.2 Vatnsvík

Sjálfbærninefndin tekur undir mikilvægi þess að lögð verði áhersla á að fyrirkomulagið viðhaldi tengslum útivistarsvæðum og byggðar við náttúruna. Mikilvægi þess að viðhalda göngu, hjóla og reiðstígum í náttúrulegu umhverfi verður seint ofmetið. Ekki má þrengja að þessum leiðum.

Kafli 3.5 Kjóavellir – Þjónustumiðstöð

- Hér er einblínt á þarfagreiningu fyrir þjónustumiðstöð Kópavogsbæjar á Kjóavallasvæðinu. Ekki er litið til þarfa íþróttasvæðisins á Kjóavöllum. Þarfir ólíkrar starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar og íþróttasvæðisins fara ekki saman.
- Hestamennsku stunda bæði börn, fullorðnir og aldraðir. Hestar eru flóttadýr sem hræðast óvæntan hávaða, hraðar hreyfingar og stóra hluti og bregðast við með fyrirvaralausum flótta. Stórir hlutir eru jafnframt meira ógnandi fyrir hestinn heldur en minni. Þess vegna mun t.a.m. umferð vörubifreiða og vinnuvéla, hávaði sem tengist vélaverkstæði og önnur aukin umsvif á svæðinu vegna þjónustumiðstöðvar valda aukinni slysahættu fyrir menn og dýr ásamt því að vera ógnun við dýravelferð. Hvorki hestar né menn munu lengur upplifa sig örugg í sínu umhverfi á félagssvæði Hestamannafélagsins Spretts.
- Upbygging þjónustumiðstöðvairnnar á þessum stað mun að auki rýra verulega möguleika hestamannafélagsins til uppbyggingar á aðstöðu fyrir hestatengda þjónustu og aðra íþróttastatarfsemi.

Kafli 4 Umhverfisáhrif áætlana

Sjálfbærninefndin telur að uppbyging þjónustumiðstöðvar Kópavogsbæjar á Kjóavöllum mun hafa verulega neikvæð áhrif á félagslegt umhverfi, heilsu og öryggi á félagssvæði Spretts og þar með neikvæð samfélagsleg áhrif.

Sjálfbærninefndin telur einnig að uppbygging þjónustumiðstöðvar Kópavogsbæjar á Kjóavöllum mun hafa verulega neikvæð áhrif á hagræna þætti að því leyti að ekki verður ákjósanlegt fyrir hestamenn að að stunda sína íþrótt á félagssvæði Spretts með tilheyrandi áhrifum á fasteignaverð og heildarstafsemi félagsins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Upbygging þjónustumiðstöðvar Kópavogsbæjar á Kjóavöllum mun hafa verulega neikvæð áhrif á útivistarsvæði Kjóavalla vegna aukinnar umferðar m.a. vörubifreiða og vinnuvéla inni í miðju útivistarsvæðinu.

Um er að ræða sameiginlegt deiliskipulag Kópavogs og Garðabæjar. Mikilvægt er að vinna breytingu á deiliskipulagi í góðu samráði við Garðabæ.

Ljóst er að áformin munu hafa mikil áhrif á verðmæti og eftirspurn nýrra hesthúsalóða Garðabæjar sem staðsettar eru í mikilli nálægð við fyrirhugaða þjónustumiðstöð.

Uppbygging þjónustumiðstöðvar Kópavogs á miðsvæði hestamannafélagsins mun ekki aðeins rýra aðstöðu Kópavogsbúa til iðkunar hestaíþrótta heldur einnig Garðbæinga – enda er hestamannafélagið félag beggja bæjarfélaga og miðsvæðið í hjarta hestúsabyggðar þeirra beggja.

f.h. Sjálfbærninefndar Hmf. Spretts

Sigurður Guðni Sigurðsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Vegna: Máls nr. 0960/2025, Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir. (Lýsing)

Athugasemd:

Legg sterklega til að íhuga aðra staðsetningu á þjónustuhúsi/áhaldahúsi Kópavogs.
Mæli mjög gegn því að þrengja að hestamönnum og setja þjónustuhús inn í mitt hesthúsahverfi með tilheyrandi röskun og slysahættum!

Höfundur: Helena Ríkey Leifsdóttir

Sent inn þann: 26.08.2025

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Vegna: Máls nr. 0960/2025, Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir. (Lýsing)

Athugasemd:

Athugasemdir í meðfylgjandi fylgiskjali

Höfundur: Halldór Helgi Halldórsson

Sent inn þann: 27.08.2025

Viðhengi:

12.1.HHH -aths. Kjóavellir, Vatnsendahlíð og Vatnsvík.pdf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 og breyting á deiliskipulagi / nýtt deiliskipulag.

Vatnsendahlíð, Vatnsvík og Kjóavellir.

Kópavogur 28. ágúst 2025

Skipulagsgáttin; málsnr.: 963/2025

Athugasemdir:

Undirritaður félagsmaður hestamannafélagsins Spretts, gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreind skipulög, skipulagsbreytingar og skipulagslýsingar:

Kjóavellir; deiliskipulagsbreyting.

Samkvæmt skipulagslýsingu er til skoðunnar að koma fyrir þjónustumiðstöð Kópavogs (áhaldahúsi) innan deiliskipulagsmarka Kjóavalla. Kjóavellir eru skilgreindir samkvæmt gildandi deiliskipulagi sem íþróttasvæði og eru athafnasvæði hestamannafélagsins Spretts. Skipulag Kjóavalla er sameiginlegt skipulag Garðabæjar og Kópavogsbæjar og verður ekki breytt nema með samþykki beggja sveitarfélaganna samkvæmt samningi þeirra á milli. Samningur sveitarfélaganna var einnig forsenda þess að ákveðið var að sameina hestamannafélögin Andvara í Garðabæ og Gust í Kópavogi í eitt hestamannafélag á Kjóavöllum, hestamannafélagið Sprett.

Sem hestamaður í hmf. Spretti leggst ég alfarið gegn áformum um að önnur starfsemi en hestatengd verði innan skipulagsmarka Kjóavalla. Benda má á að Sprettur er fjölmennasta hestamannafélg landsins og er enn að stækka og þróast, verið er að byggja ný hesthús á svæðinu og fleiri ráðgerð á næstu misserum.

Það vekur athygli að Hestamannafélagið Sprettur er ekki tilgreint sem samráðs- eða umsagnaraðili máls.

Vatnsendahlíð; aðal- og deiliskipulagsbreyting.

Undirritaður gerir kröfu um að fullt samráð verði haft við stjórn hmf. Spretts og / eða Reiðveganefnd félagsins um reiðvegi við aðal- og deiliskipulagsvinnu í Vatnsendahlíð, krafa er um að núverandi reiðvegir á skipulagssvæðinu haldist að mestu óbreyttir þ.e. eftirfarandi reiðvegir:

- ✓ R 14.06 Frá Kjóavöllum um norðanverða Vatnsendahlíð að Vatnsendavatni.
